

**Ed.**

**42. Nefndarátt**

um frv. til laga um verslunarskýrslur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og telur það til bóta. Frv. kemur í stað laga nr. 16, 9. júlí 1909, og er aðalbreytingin sú, að lögakveða, að skýrslur um vörusendingar skuli gefa jafnóðum og sendingarnar fara fram, í stað þess, að það hefir ekki verið beinlinis lögakveðið áður og skýrslurnar hafa verið gefnar fyrir heilt ár í einu lagi, fram að 1. jan. 1921. Í lögunum nr. 16, 9. júlí 1909, er ákveðið, að forstöðumenn verslana skuli skyldir að láta ríkisstjórninni í tje skýrslur um skuldir og innieignir hjerlendra viðskiftamanna sinna, annara en banka. En þetta mun hafa reynst þýðingarlítið og er felt hjer niður, og sjer nefndin ekki ástæðu til að vera móti því. Síðasta gr. frv. mælir svo fyrir, að lög þessi skuli gilda frá 1. jan. þ. á. Þetta þykir nefndinni óviðkunnanlegt, að kveða svo á, að lög skuli gilda áður en þau verða til. Leggur hún því til, að gr. sje breytt, og þó á þann hátt, að niðurstaðan verður í rauninni hin sama. Að öðru leyti visast til þeirra ástæðna, sem frv. fylgja frá stjórninni.

**BREYTINGARTILLAGA.**

8. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og er sendendum og viðtakendum vara skylt að gefa þegar skýrslur þær, sem hjer eru heimtaðar, fyrir þann hluta ársins 1922, sem liðinn er.

Alþingi, 25. febr. 1922.

Sigurjón Friðjónsson,  
form. og ritari.

Jóh. Jóhannesson.